




Hluti gildandi deiliskipulags virkjunar í
Hverfisfljóti við Hnútu, staðfest 21.01.2022

Tillaga að breytingu

Grenndarkynning

Óveruleg breyting á deiliskipulagi virkjunar í Hverfisfljóti


Á 10. fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 14. október 2025 og 524. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 30. október 2025, var samþykkt að fara í breytingu á deiliskipulagi virkjunar í Hverfisfljóti. Um er að ræða óverulega breytingu sem komin er til vegna endurskoðunar á hönnun framkvæmdar. Umfang mannvirkja í farvegi Hverfisfljóts minnkar umtalsvert og tryggð er virk aurskólun með bættri hönnun. Breytingin nær til lögunnar og skilmála stíflu, staðsetningar vegar og þrýstipípu. Eftirfarandi var bókað á fundi skipulags- og umhverfisráðs og samþykkt á fundi sveitarstjórnar:

2510003 - Deiliskipulag virkjunar í Hverfisfljóti-breyting á deiliskipulagi.

Breytingin er til komin vegna endurskoðunar hönnunar framkvæmdar. Minnka á umfang mannvirkja í farvegi Hverfisfljóts og tryggja virka aurskólun. Breytingin nær til lögunnar og skilmála stíflu, staðsetningu vegar og þrýstipípu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað er eftir athugasemdum sem sendast skuli á málsnúmer 1460/2025 í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is. Frestur til að senda athugasemdir er til 27. nóvember 2025.



Skýringarmynd, gildandi deiliskipulag.

Virðingarfyllt
Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps